

# Ársskýrsla

Héraðsskjalasafns Svarfdæla

2013



Dalvík 2014

# Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

---

## Inngangur

Héraðsskjalasafn Svarfdæla var stofnað 1980 og starfar nú samkvæmt reglugerð sem samþykkt var árið 2002. Þar má finna m.a. „Meginverkefni safnsins er að annast söfnun á rituðum bókum, skjölum, ljósmyndum og öðrum sögulegum heimildum úr Dalvíkurbyggð“. Skjalasafnið fellur undir menningarráð sem í sitja Freyr Antonsson formaður, Þóra Rósa Geirsdóttir varaformaður og Hlín Torfadóttir. Forstöðumaður safnsins er Laufey Eiríksdóttir.

## Húsnæðismál

Héraðsskjalasafnið er staðsett í kjallara Ráðhúss Dalvíkur og er stærð húsnæðis um 130 m<sup>2</sup>. Safnið opnaði formlega aftur eftir breytingar 15. febrúar. Þá var tekið í notkun fundarborð með 8 stólum sem breytir mjög allri vinnuaðstöðu á safninu. Þá var einnig sett upp áttugasafn þ.e. bókasafn um ættfræði og byggðasögu. Ljósmyndasafn var aðskilið frá öðrum skjölum og bókum.



Frá opnun safnsins eftir breytingar. Talið f.v. Laufey Eiríksdóttir, Anna Baldvina Jóhannsdóttir, Ástdís Óskarsdóttir, Rósa Þorgílsdóttir, Friðþjófur Þórarinnsson.

Líkan af Dalvík frá 1934 sem unnið var í Dalvíkurskóla 1994 vegna 60 ára minningarafmælis Dalvíkurskjaláftans var sett upp við nýja endavegg safnsins og sómir sér vel þar.

Sýningarskápur sem staðsettur var í rýminu fyrir framan safnið var færður til og lagfærður. Í hann var sett upp sýning um starfsemi bókasafnsins á meðan það var í kjallara ráðhússins. Auk þess var gömlu spjaldskrá bókasafnsins komið fyrir í anddyrinu en skráin er í mjög góðu ástandi og sýnir vel skráningu bókasafna fyrir tölvuvæðingu. Hún hefur m.a. komið sér vel við kennslu í upplýsingatækni með nemendum Dalvíkurskóla.

# Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

## Starfsmannamál

Anna Baldvina Jóhannsdóttir var í 50% starfshlutfalli fram til 30. apríl að hún lét af störfum. Í tilefni af því og að vetrarstarfi skjalasafnsins var lokið var haldið smáhóf í kaffistofu ráðhússins. Laufey Eiríksdóttir var í 30 % starfshlutfalli fyrri hluta ársins og í 50% seinni hlutann. Auk þeirra koma að starfi safnsins Jenný Dögg Hreiðarsdóttir, Jolanta Piotrowska og Rósa Þorgilsdóttir.

Laufey Eiríksdóttir sótti 2ja daga ráðstefnu héraðsskjalavarða í Kópavogi dagana 23. og 24. september. 21. – 22. nóvember fór hún enn fremur í kynnisferð til Reykjavíkur og heimsótti þá Ljósmyndasafn Þjóðminjasafnsins, Árnastofnun og fékk kennslu á skráningu í Braga v/ Kvæða og vísnaafnsins og á Þjóðskjalasafnið til að kynnast starfinu þar.



Anna Baldvina kvædd og vetrarstarfi lýkur í apríllok. Aftari röð f.v. Anna Baldvina Jóhannsdóttir, Guðlaug Björnsdóttir, Elín Sigurðardóttir, Ástdís Óskarsdóttir, Þorgerður Sveinbjarnardóttir, Guðlaug Antonsdóttir, Jónína Jónsdóttir, Gunnar Jónsson, Friðþjófur Þórarinnsson, Vilhjálmur Björnsson og Jón Halldórsson. Fremri r.f.v. Lena Gunnlaugsdóttir, Laufey Eiríksdóttir, Hafdís Hafliðadóttir og Ingigerður Lilja Jónsdóttir

## Starfsemin á árinu 2013

### Ljósmyndavinna

Verkefni ársins 2013 höfðu það að markmiði að virkja íbúa Dalvíkurbyggðar og gera safnið sýnilegra í samfélaginu. Það auðveldar aðalverkefni safnsins sem er söfnun og skráning sögulegra heimilda. Í október 2012 hófst ljósmyndavinna með nokkrum áhugasömum íbúum sem mættu á skjalasafnið einn morgun í viku til að greina myndir og skrá niður upplýsingar. Í janúar – apríl var unnið áfram með myndir af ýmsu tagi sem þurfti nauðsynlega að ganga frá. Í apríl var síðan sett upp sýning í Bergi þar sem myndir vetrarstarfsins voru sýndar á tjaldi með upplýsingum. Þær voru auk þess prentaðar út og heftaðar í 4 hefti sem fólk gat skoðað og gert athugasemdir við. Í vetrarlök voru komnar upplýsingar um 330 ljósmyndir.



Myndahópur að störfum. Fra v. Vilhjálmur Björnsson, Elín Sigurðardóttir, Lena Gunnlaugsdóttir, Þorgerður Sveinbjarnadóttir fyrir aftan, Ástís Óskarsdóttir, Friðþjófur Þórarinsson, Jenný Dögg Heiðarsdóttir, Gunnar Jónsson fyrir aftan hana, Guðlaug Antonsdóttir.

Myndavinnan hófst síðan aftur í september eftir sumarhlé og tvö skipti voru þá helguð myndum af Árskógströndinni og fólk ættað þaðan sérstaklega hvatt til að mæta. Síðar var ákveðið að vinna með myndir frá leikstarfsemi Leikfélags Dalvíkur sem á 70 ára afmæli 2014. Talsvert var til af ljósmyndum á safninu en auk þess fór af stað söfnun mynda í samfélaginu. Um 30 manns hafa komið að þessu starfi á árinu en í hverri viku mæta 6 – 8 manns.

### **Kvæða- og vísnaafnið Haraldur.**

Í október kom saman hópur fólks með það í huga að safna vísnum til að birta á netinu. Hugmyndin fæddist á haustfundi héraðsskjalavarða í lok september og eftir að hafa ráðgast við Kristján Eiríksson hjá Árnastofnun var ákveðið að prófa að auglýsa eftir áhugafólki. Nokkrir sýndu því áhuga og þá var ekki eftir neinu að bíða. Í samstarfi við Árnastofnun var settur upp vefurinn Kvæða- og vísnaafnið Haraldur. Heitið á vefnum varð til eftir nokkrar umræður og þar sem leit að kvæði eftir Harald Zophoníasson varð örlagavaldur og allir voru sammála um þýðingarmikið hlutverk hans í vísnaverð á svæðinu var nafnið Haraldur samþykkt samhljóða á óformlegum fundi.



## Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

---

5. desember var hádegisfyrirlestur bókasafnsins í Bergi helgaður vísnavefnum og þá fluttu erindi, annars vegar Atli Rafn Kristinsson um Gunnar Pálsson sem fæddur var 1714 á Upsum og hins vegar Hildur Aðalsteinsdóttir um Harald Zophoníasson en Hildur á höfundarréttinn á verkum Haraldar og hefur góðfúslega veitt hópnum aðgang að kvæðum hans. Um áramót voru 6 höfundar skráðir í safnið, en undirbúningsvinnan vel á veg komin.

### Átthagasafn

Við opnun húsnæðisins í febrúar var jafnframt tekið í notkun nýtt átthagasafn bóka- og skjalasafns Dalvíkurbyggðar. Þar er að finna sameiginlegan bókakost safnanna á sviði byggðasögu, manntala og ættfræði. Árið 2013 voru skráð aðföng á safnið 271 þar af voru 174 bækur og um 100 tímaritaeintök. Ekki hefur tekist nógu vel að auglýsa þennan safnkost og eru gestir bókasafnsins enn feimnir við að kynna sér safnið og nýta það. Átaks er þörf í þeim efnum.

### Ljósmyndasafn

Aðstaða ljósmyndasafnsins batnaði mjög á árinu með nýjum skjalaskápum sem óvænt bættust við, en höfðu verið keyptir af Minjasafninu á Akureyri fyrir nokkrum árum og beðið þess þar að verða sóttir. Allar frágengnar pappírsm myndir komust fyrir í þessum nýju skjalaskápum og hægt var að henda þeim sem fyrir voru. Safnið hefur nú ákveðið rými og þarf að skipuleggja það betur á næstu mánuðum.

Í upphafi árs var keypt forritið Photostation sem sérstaklega er hannað til skráningar á ljósmyndum. Laufey fór ásamt Margrétu Víkingsdóttur upplýsingafulltrúa og Bjarna Valdimarssyni tölvumanni í heimsókn á Héraðsskjalasafn Skagfirðinga á Sauðárkróki til að kynna skráningum í kerfið. Jenný Dögg Hreiðarsdóttir vann talsvert við að skrá þær myndir sem myndahópurinn hafði greint og mótaðar voru skráningarreglur sem kynntar voru m.a. skólastjórnendum. Í árslok voru 300 myndir komnar inn og skráðar en á ýmsu gekk og margt var til þess að starfið var mjög tafsamt. Vonandi eru það aðeins byrjunarerfiðleikar sem eiga eftir að leysast.



Rými og aðstaða Ljósmyndasafns Dalvíkurbyggðar

# Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

## Aðföng og frágangur skjala árið 2013

Eftir opnun safnsins í febrúar tók við tímabil þar sem starfsmaður safnsins þurfti meira og minna að sinna vinnu á bókasafni vegna forfalla þar. Aðfangaskráning hófst því ekki að fullu eftir lokun fyrr en í apríl og í leiðinni var farið yfir eldri safnkost og mikil vinna lögð í að grísa frá honum prentað efni sem sett var ýmist í geymslur eða á áttthagabókasafn sem formlega var sett upp í febrúar. Í árslok var þessi vinna langt komin eða fram að afhendingarárinu 2000. Afhendingar á árinu voru samtals 46 og fyrirspurnir og erindi 47.

Afhendingarskrá 2013:

Afhendingarnúmer	Heiti safns	Tímabil	Móttekið
1/2013	Björn R. Árnason	1922-1971	2.4. 2013
2/2013	Ljósmyndir (5)	ekki vitað	2.4. 2013
3/2013	Berg menningarhús	2012	2.4. 2013
4/2013	Dalvíkurhreppur	1957-1970	4.4. 2013
5/2013	Kjörstjórn Dalvíkurbyggðar	2012	10.4. 2013
6/2013	Árskógarskóli	1932-1958	16.4. 2013
7/2013	Rauða kross deild Dalvíkur	1997	16.4. 2013
8/2013	Dalvíkurbær	1970-1979	16.4. 2013
9/2013	Þorsteinn Svörfuður	1946-1954	10.4. 2013
10/2013	Hitaveita Dalvíkur	1975-1982	18.4. 2013
11/2013	Sjúkrasamlag Dalvíkur	1975	18.4. 2013
12/2013	Júlíus Kristjánsson	1990-2010	28.2. 2013
13/2013	Sigurður P. Jónsson	1914-1956	1.3. 2013
14/2013	Dalvíkurhreppur/bær	1915-1996	30.4. 2013
15/2013	Byggingarfélag verkamanna	1949-1986	26.6. 2013
16/2013	Ingibjörg Jóhannsdóttir	1930-1940	21.5. 2013
17/2013	Ljósmyndir (3)	ekki vitað	20.6. 2013
18/2013	Kvenfélagið Hvöt	1918-1940	9.4. 2013
19/2013	Ljósmyndir (4)	1932-1957	29.8. 2013
20/2013	Markaskrár	1851-1983	30.8. 2013

## Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

Afhendingarnúmer	Heiti safns	Tímabil	Móttekið
21/2013	Kvenfélagið Tilraun	1928-1947	15.7. 2013
22/2013	Kvenfélagið Vaka	1958-1967	15.7. 2013
23/2013	Stekkjarskrár	2009-2013	6.8. 2013
24/2013	Jón Kristinn Sigurðsson	1937-1958	5.9. 2013
25/2013	Vöruskiptaskrár	1868-1890	5.9. 2013
26/2013	Ungmennafélagið Skíði	1949	18.9. 2013
27/2013	Ljósmyndir(6)	ekki vitað	19.9. 2013
28/2013	Ljósmyndir (6)	1930-1990	12.3. 2013
29/2013	Ljósmyndir og kort(230)	1940–1970	16.10.2013
30/2013	Ljósmyndir(9)	1932-1986	17.10. 2013
31/2013	Daníel Júlíusson	1938-1980	29.5. 2013
32/2013	Anna Jóhannsdóttir	1969	29.5. 2013
33/2013	Jóhann Daníelsson	1997-2000	29.5. 2013
34/2013	Stefán Kristinsson	1939	29.5. 2013
35/2013	Karlakór Dalvíkur	1993-2003	29.11. 2013
36/2013	Gísli Jónsson á Hofi	1890	1.10. 2013
37/2013	Ögmundur Friðfinnsson	1933-1939	17.8. 2013
38/2013	Bréf	1934-1944	1.10. 2013
39/2014	Ljósmyndir(2)	1955-1996	18.10. 2013
40/2013	Fiskidagurinn mikli	2008-2013	14.8. 2013
41/2013	Gangnamannafélagið	1959-2012	29.10. 2013
42/2013	Stefán Björnsson	1927-1957	21.11. 2013
43/2013	Kvikmyndir-afrit	2013	16.12. 2013
44/2013	Ljósmyndir(3)	1927-1960	13.11. 2013
45/2013	Ljósmyndir(20)	1950-1970	27.11. 2013
46/2013	Bókasafn Dalvíkur	1980-1999	19.12. 2013



## Rekstur Héraðsskjalasafns Svarfdæla

Tekjur	- 409.457
Laun og launatengd gjöld	3.027.545
Vörukaup	361.366
<u>Þjónustukaup</u>	<u>2.374.083</u>
Samtals	5.353.537

Dalvík 20. mars 2014

---

Laufey Eiríksdóttir forstöðumaður